

Reykjavík, 9. ágúst 2022

Innviðaráðuneyti
b.t. skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík
irn@irn.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu – frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu

Hinn 15. júlí síðastliðinn birti innviðaráðuneytið áform um gerð frumvarps um breytingu á lögum um pósthjónustu, nr. 98/2019, á samráðsgátt stjórnvalda. Í lok lýsingar á efni áformanna er tekið fram að með frumvarpinu verði brugðist við mistökum sem urðu við gerð frumvarps til breytingalaga nr. 76/2021 (flutningur póstmála).

Frá flutningi póstmála til Byggðastofnunar hafa nokkur aðildarfyrirtæki SVP – Samtaka verslunar og þjónustu átt í samskiptum við stofnunina. Í þeim hefur m.a. kristallast hve óljóst það kann að reynast hvort fyrirtæki sem starfar við flutningaþjónustu teljist til póstrekkanda. Má halda því fram að afstaða stofnunarinnar til álitamálsins kunni að grundvallast í ríkum mæli á því sjónarmiði að rétt sé að skilgreina sem flest fyrirtæki sem póstrekkendur. Hefur svo verið þrátt fyrir að ákvæði laga nr. 98/2019 beri með sér að í grundvallaratriðum hafi ekki verið gerðar breytingar á inntaki pósthjónustu frá eldri rétti. Stóð þannig t.d. aldrei til að fella undir pósthjónustuhugtakið flutning einstakra sendinga sem flutningsaðilar taka að sér milliliðalaust fyrir sendendur eða viðtakendur eða flutningaþjónustu, flutning sem ekki telst regluleg meðferð póstsendinga (e. postal items) og farmflutninga samkvæmt ákvæðum laga nr. 28/2017.

Að mati SVP virðist gæta tilhneigingar hjá stjórnvöldum til að líta svo á að innleiðing Evrópugerða á sviði póstmála feli í sér tækifæri til að að ramma pósthjónustu inn í íslenska löggjöf með þeim hætti að hún sé alfarið aðgreind frá annarri flutningaþjónustu. Sá er hins vegar ekki tilgangur gerðanna heldur er þeim þvert á móti ætlað að draga úr ríkisafskiptum og skapa forsendur samkeppni á sviði pósthjónustu. Í því ljósi er alþjónusta skilgreind sem lágmarksþjónusta sem notendum pósthjónustu skal standa til boða á jafnræðisgrundvelli, alþjónustukvöð lögð á póstrekkendur og endurgjald vegna hennar á að vera byggt á mati á kostnaði umfram kostnað þjónustu sem veitt væri á viðskiptalegum grundvelli. Evrópuregluverk á sviði póstmála nær því í megindráttum til alþjónustu, samræmingar og gæðabátta. Röng eða misvísandi útfærsla og framkvæmd kann ekki aðeins að skaða samkeppni á flutningamarkaði heldur jafnvel koma í veg fyrir að samkeppni myndist á sviði pósthjónustu.

Í ljósi framangreinds telja SVP þörf á að útfæra betur skilgreiningu pósthjónustu, í lögum nr. 98/2019, þannig að engin, hvorki fyrirtæki sem starfa á sviði flutninga og póstrekkendur né Byggðastofnun, þurfi að velkjast í vafa um inntakið. Við endurskoðunina verður að hafa að leiðarljósi markmið og heildarsamhengi Evrópugerða á sviði póstmála.

Virðingarfyllst,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu



Benedikt S. Benediktsson
lögfræðingur